



FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

8. tbl. 19. árgangur



RÖSKUN Á SKÓLASTARFI SÖKUM VEÐURS UPPFÆRÐAR LEIÐBEININGAR Á VEF SKÓLANS

Leiðbeiningar varðandi röskun á skólastarfi sökum veðurs hafa verið uppfærðar og í þeim er nú unnið samkvæmt viðvörunarkerfi Veðurstofu Íslands.

Leiðbeiningarnar, sem gefnar hafa verið út á íslensku, ensku og pólsku, fela í sér tilmæli um viðbrögð og hlutverk forráðamanna barna í skólum og frístundastarfi þegar veðurvíðvaranir eru gefnar út.

Leiðbeiningarnar eiga við „yngri börn“ þ.e. börn yngri en 12 ára.

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samræði við lögreglu og fræðsluyfirvöld.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar er að finna hér: <https://shs.is/index.php/fraedsla/roskun-a-skolastarfi/> og einnig má nálgast þessar upplýsingar hér á vef skólans, undir flípanum Skólinn og þar í Röskun á skólastarfi.

Mikilvægt er að forráðamenn fylgist vel með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum tilmælum frá yfirvöldum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barna og bregðist við í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Veðurfar og aðstæður geta verið mismunandi eftir hverfum og breyst skjótt með ófyrirséðum hætti.

Leiðbeiningar þessar eiga við „yngri börn“, það er börn yngri en 12 ára. Athugið að hér er aðeins um viðmið að ræða sem er háð mati forsjáradila.

Skóla- og frístundastarf fellur ekki niður nema tilkynnt sé um það sérstaklega.

Í upphafi skóladags getur tafist að fullmanna skóla og mega forsjáradilar þá búast við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra.

Forsjáradilar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Forsjáradilar leggja ávallt sjálfir mat á það hvort fylgja þurfi barni í eða úr skóla vegna veðurs, óháð því hvort tilkynning hafi borist frá yfirvöldum.

Meti forsjáradilar aðstæður svo að ekki sé óhætt fyrir börn þeirra að sækja skóla skulu þeir tilkynna skólanum um það sem lítur þá á tilvikið sem eðlilega fjarvist.

Sama gildir ef börn eða forsjáradilar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa.



ÞAÐ ER TUNGUNNI TAMAST SEM HJARTANU ER KÆARAST

Á 25 ÁRA AFMÆLI STÓRU UPPLÉSTRARKEPPNINNAR

Á degi íslenskrar tungu setjum við árlega Stóru Uppléstrarkeppnina í Áslandsskóla. Í keppninni taka ár hvert þátt nemendur í 7. bekk skólans.

Markmið keppinnar er að auka hlut talaðs máls í skólum landsins og auka vitund þjóðarinnar á mikilvægi þess. Þar gefst gott tækifæri til að leggja markvissa rækt við tvo þætti móðurmálsins, vandaðan upplestur og framsögn. Áhersla er lögð á að nemendur lesi upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju.

Keppnin fer þannig fram að kennarar undirbúa nemendur sína og halda undankeppni innan skólans þar sem valdir eru nokkrir nemendur til áframhaldandi keppni. Sá hluti kallast ræktunarhluti. Undankeppnin er haldin í skólanum, þar sem 10 nemendur lesa að jafnaði til úrslita, og þaðan halda tveir nemendur til þátttöku í loka-keppninni sem fram fer í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Sá hluti keppinnar er gjarnan nefndur hátíðarhluti. Lokahátíðir eru í raun uppskeruhátíðir, þar sem uppskeru mikillar þjálfunar er fagnað.

Vandaður upplestur er óhugsandi án undirbúnings og leggja kennarar á sig mikla vinnu við þjálfun nemenda. Markmiðið er að lesturinn sé vel undirbúinn og nemandinn svo öruggur að ekki sé lengur um lestur að ræða heldur flutning. Upplestur er nær tilgangslaus nema hann sé áheyrendum til skilnings og ánægju.

Til þess að auðvelda börnunum að ná þessu markmiði hvetjum við foreldra til þátttöku í undirbúningi barna sinna, með því að hlusta á þau og aðstoða við val á texta þegar þeim er falið það verkefni að koma með texta að eigin vali.

Við þjálfun nemenda er að ýmsu að hyggja. Farið er yfir rétta líkamsstöðu, standa í báða fætur, draga andann djúpt og horfa fram. Mikilvægt er að röddin berist, styrkur hennar sé réttur og öndun rétt. Við upplestur þarf stundum að kveða fastar og skýrar að heldur en í venjulegu tali milli fólks og framburður þarf að vera vandaður og skýr svo að hvert orð skiljist.

Merking texta þarf að komast til skila til dæmis með því að hægja á lestrinum, setja þagnir inn á réttum stöðum og koma blæbrigðum til áheyrenda án ofleiks. Góð samskipti við áheyrendur verða til þess að þeir fylgjast betur með og upplifa að talað sé til þeirra.

Stóra uppléstrarkeppnin er að mínu mati eitt allra merkilegasta þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í skólum landsins.

Verkefnið hófst árið 1996 með þátttöku nemenda í Hafnarfirði og á Álftanesi með það að markmiði að styðja við þann þátt aðalnámskrár um framsögn og tjáningu.

Svo skemmtilega vill til að ég var þá umsjónarkennari í 7. bekk í Öldutúnsskóla og hef því fylgt þessu verkefni frá upphafi.

Verkefnið hefur vaxið og dafnað undir styrkri stjórn Ingibjargar Einarsdóttur, fyrrum skrifstofustjóra Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Ingibjörg hefur verið vakin og sofin yfir verkefninu og stýrt því af miklum myndarbrag. Án ræktarsemi hennar við verkefnið hefði það aldrei vaxið og dafnað eins vel og það hefur gert.

Á landsvísu hefur verkefnið verið rekið af Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn. En nú hafa Raddir ákveðið að „senda barnið að heiman“ en með hvatningu til sveitarfélaganna um að taka við verkefninu.

Ég tek undir þá hvatningu og tel að Hafnarfjörður og önnur sveitarfélög eigi að taka verkefninu fagnandi og móta sína uppléstrarkeppni.

Með þeim hætti getum við með góðri samvisku stutt við þennan mikilvæga þátt móðurmálskennslunnar hér eftir sem hingað til.

Leifur S. Garðarsson
Skólastjóri Áslandsskóla

SKÓLAHEITI ÁSLANDSSKÓLA

ÉG HEITI ÞVÍ AÐ KOMA FRAM VIÐ AÐRA EINS ÉG VIL AÐ AÐRIR KOMI FRAM VIÐ MIG.

ÉG VIL LEGGJA MIG FRAM UM AÐ BERA VIRÐINGU FYRIR SJÁLFUM/SJÁLFRI MÉR OG ÖÐRUM.

GRUNNSKÓLASTARF TIL 2.12.2020

VON Á NÝJUM UPPLÝSINGUM UM OG EFTIR NÆSTU HELGI

Í enn eitt skiptið á þessu skólaári þurfum við að kynna ykkur breytingar á framkvæmd grunnskólastarfs í Hafnarfirði. Þessar breytingar taka gildi mánudaginn 23. nóvember og gilda til 1. desember nk. Við nýjar breytingar leggjum við áherslu á að stíga varlega til jarðar og fara aðeins í aðgerðir eða breytingar sem virða sóttvarnareglur heilbrigðisyfirvalda. Við biðjum um þolinmæði gagnvart þessum breytingum en leggjum um leið áherslu á mikilvægi þess að samstaða og samvinna sé um framkvæmdina – sem er samræmd fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar.

SVIPAÐ SKIPULAG ÁFRAM

Eftir yfirlegu skólastjórnenda og fræðsluyfirvalda í Hafnarfirði á nýrri reglugerð sóttvarnaryfirvalda er það niðurstaðan að viðhafa í meginatriðum sama skipulag áfram og verið hefur í grunnskólunum í nóvember frá mánudeginum 23. nóvember sem standi til og með 1. desember.

KENNSLUHÓLF - HUGSANLEGA BÓKASAFN

Nemendur í 5.-10. bekk eru áfram í sínum bekkjum í sínum kennslustofum en hver stofa myndar eitt hólf. Á yngsta stigi, 1.-4. bekk gætu tveir bekkir myndað eitt hólf enda fjöldatakmörk önnur. Einu kennsluhólf í einu verður leyft að sækja skólabókasafn, ef aðstæður leyfa, enda þarf að sótthreinsa á milli hópa í mismunandi kennsluhólfum. Við munum skoða það vandlega næstu daga enda mikilvægt að nemendur fái bækur til lestrarþjálfunar.

FRÍSTUNDAÞÍLL

Nemendur á yngsta stigi fá áfram fullan kennsludag og frístundaheimili en frístundaþíllinn bætist nú við með sama skipulag frá því fyrr í haust.

GRÍMUR

Nemendur og kennarar í 5.-7. bekkjum hafa ekki lengur grímuskyldu í kennslustundum og skólalóðin er laus undan grímuskyldu fyrir alla nemendur. Grímuskylda er áfram meðal nemenda og kennara/starfsmanna í 8.-10. bekk í kennslustofum og á göngum skólans.

FRÍMÍNÚTUR

Nýja reglugerðin gefur skólunum möguleika að skipuleggja frímínútur inn í skóladeginum, sökum þess að ekki er lengur hólfaskipting á skólalóðinni, en áfram munu nemendur í 5.-10. bekk vera með fjórar kennslustundir á dag í skólanum og aukna heimavinnu, mögulega með fjarfundum með kennurum eins og hver skóli og kennarar ákveða.

Í Áslandsskóla mun nemendur í 1.-4. bekk allir fara í frímínútur frá 9.30-9.50 og nemendur í 5.-7. bekk fara í frímínútur frá 9.50-10.10 hvern skóladag.

SKÓLAÍÞRÓTTIR

Opnað hefur verið fyrir möguleika á að yngstu nemendur skólans sækji íþrótt- og sundtíma í íþróttahús og sundlaug. Vegna aðstæðna getur Áslandsskóli ekki nýtt sér það fyrst um sinn (skólaakstur, vegalengdir, tími og önnur skipulagsatriði). Íþróttakennarar verða því áfram með íþróttatíma fyrir yngstu nemendur skólans á skólalóð.

MATARMÁL

Matarþjónusta hefur gengið mjög vel við þessar aðstæður og munum við halda óbreyttu skipulagi á matarmálum þetta tímabil.

ÞAKKIR

Að lokum þökkum við ykkur forráðamönnum alla þolinmæðina gagnvart þessu stöðugu breytingum sem eiga sér stað og óskum ykkur velfarnaðar á þessum varhugaverða tíma kórónuveirufaraldurs.

HORNSTOÐIR ÁSLANDSSKÓLA

VINNA MEÐ ALLAR DYGDIR
HNATTRÆNN SKILNINGUR
ÞJÓNUSTA VIÐ SAMFELAGIÐ
GERA ALLT FRAMURSKARANDI VEL